

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Steinull hf Sauðárkrókur



<b>Dags eftirlits</b>	3.10.2012	<b>Fulltrúi UST</b>	Guðbjörg Stella Árnadóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Steinull hf	<b>Fulltrúi UST</b>	Ólafur Kristinn Tryggvason
<b>Heimili</b>	Skarðseyri 5	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	590183-0249	<b>Flokkur</b>	Verksmiðja
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Einar Einarsson	<b>ÍSAT nr.</b>	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Guðmundur Örn Guðmundsson	<b>Staðsetning</b>	470210,864 584942,812

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá starfsleyfi, lögum né reglugerðum komu í ljós í eftirlitinu og engin athugasemd var gerð í eftirlitinu.

## UMFANG EFTIRLITS

Fulltrúi rekstraraðila hafði boðað til samráðsfundar og var byrjað á því að sitja fundinn. Ásamt fulltrúum rekstraraðila og eftirlitsaðilum Umhverfisstofnunar sat fundinn fulltrúi heilbrigðiseftirlits norðurlands vestra. Sérstök fundargerð var haldin um fundinn.

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. starfsleyfi.

Farið var yfir niðurstöður síðasta eftirlits þar sem engin frávik né athugasemdir komu fram.

Farið var yfir hreinskröfur á frárennsli í starfsleyfi og niðurstöður útblástursmælinga sem fram fóru haustið 2011.

Öðrum gögnum sem skila ber til Umhverfisstofnunar hafði verið skilað inn á réttum tíma.

Farið var yfir stöðu úrgangsmála þar sem búið er að loka jarðgerðarstöðinni og urðunarstað bæjarfélagsins verður lokað á næstu dögum. Rekstraraðili er sífellt að leita leiða til að lágmarka úrgang og hafa þeir fundið leið til að endurnýta stóran hluta þess úrgangs sem fellur til við vinnsluna, stefnt er að enn frekari árangri þar. Verið er að huga að jarðgerðarmálum fyrir þann úrgang sem skv. gr. 2.13 skal jarðgera og eru viðræður hafnar um jarðgerð í gámum. Vonast er til að þau mál verði leyst innan tíðar. Annar úrgangur er flokkaður og fer á urðunarsvæði bæjarfélagsins.

Gengið var um alla verskmiðjuna og ferlið skoðað. Útisvæði var kannað og útítankar skoðaðir. Áreksrörvörn er á salmiaktanki og girt fyrir svo óviðkomandi aðgangur er takmarkaður.

Minnt er á að senda skuli öll gögn á [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is), sem og á netfang eftirlitsmanns.

## ATHUGASEMDIR

Engin athugasemd kom fram í eftirliti.

## ANNAÐ

Bent var á að skv. gr. 2.6. í starfsleyfi skuli öll geymsla hráefna og framleiðsluvara utan dyra vera á afmörkuðu svæði. Geymslusvæðið er afmarkað með gámasæðu en er ógirt. Fyrirhugað er að girða svæðið en beðið er svara frá bæjaryfirvöldum um skiptingu lóðar.

Skv. gr. 3.1 í starfsleyfi skal gera mengunarefnaþælingar í útblæstri annað hvert ár. Mælt var haustið 2011 og niðurstöðum skilað til Umhverfisstofnunar. Gildin voru öll innan marka.

Rekstraraðili er komin veð ISO 9001 vottun og vinna við ISO 14001 vottun er hafin. Stefnt er að sú vinna klárast um áramót.

Einnig sátu fundinn Rafn Ingi Rafnsson framleiðslustjóri og Steinunn Hjartadóttir frá Heilbrigðiseftirliti norðurlands vestra.

Engar kvartanir hafa borist, hvorki um lykt, hávaða ná annað.

Ekki er unnið á fullum afköstum en um 74% nýting hefur verið árið 2012.

Reykjavík, 18.10.2012



---

Guðbjörg Stella Árnadóttir

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.